

Nr. 006 / 14 Tjaldanes GK 525***Skipverji slasast við netadrátt***

Skipaskr.nr. 0239
Smíðaður: Noregi 1964, stál
Stærð: 196 brl. 290 bt.
Mesta lengd: 34,09 m Skráð lengd: 30,10 m
Breidd: 7,20 m Dýpt: 6,15 m
Vél: M. Blackstone 486 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 9



Tjaldanes©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. janúar 2014 var Tjaldanes GK 525 á netaveiðum á SV miðum. Veður: NA gola og lítill sjór.

Skipverjar voru að draga netin um 20 sml SSA af Grindavík þegar rúllumaðurinn klemmdist með hægri hendina milli flot- og blýteina netatrossunnar og dróst upp á rúlluna. Hann náði að hægja á drættinum með öryggisrofa sem var neðan við rúlluna þar til skipstjórinn stöðvaði spilið. Skipverjinn hélt áfram vinnu og fór til læknis þegar komið var í land.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða var hann að hagræða fiskum upp í rúlluna og ýtt á ufsa sem var klemmdur á milli teinanna. Þegar ufsinn losnaði fylgdi hægri hönd hans á eftir hausnum og festist á milli teinanna. Höndin dróst upp í rúlluna og við það snerist hann svo sú vinstri náði ekki í neyðarrofann en hann gat ýtt við honum með öðrum fætinum svo hægðist á drættinum. Félagi hans á þilfarinu greip utan um fætur slasaða þar sem hann hélt að sá væri að fara fyrir borð. Við það dróst handarkrikinn upp í aftara keflið og stakkur hans rifnaði á tveimur stöðum áður en spilið var stöðvað;
- að slasaði hélt áfram vinnu sinni en eftir var að draga fimm trossur. Þegar í land var komið voru afleiðingarnar farnar að koma fram og hann leitaði því til læknis;

- að öryggislokar fyrir spilbúnaðinn voru á nokkrum stöðum eins og neyðarstöðvun við dráttarskífuna og öryggisloki í loftinu yfir og aftan við spilið. Einnig var neyðarstöðvun úti við lunningu, undir borðinu og að sögn slasaða var sama hvort lokinn væri hreyfður til hægri eða vinstri til að stöðva drátt. Neyðarstöðvun var í brú við hlið stjórnanda við andófið sem skipstjóri greip til og stöðvaði dráttinn;
- að slasaði sagði að stíft hafi verið róið, hann hafi verið þreyttur og ekki gáð að sér. Slasaði hafi ekki vitað fyrir en hann var fastur með hendina;
- að slasaði var búinn að vera 37 ár á sjó og þar af 6 ár á þessu skipi.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að skipverjinn hafi verið þreyttur og ekki með fulla athygli við það sem hann var að gera.